

## Svar

### innviðaráðherra við fyrirspurn frá Birni Leví Gunnarssyni um húsnæðisstuðning.

1. Hversu margir einstaklingar eftirfarandi flokka fá húsnæðisstuðning og hve háa fjárhæð fær hver flokkur samtals á ári samkvæmt lögum um húsnæðisbætur, nr. 75/2016? Svar óskast sundurliðað eftir eftirfarandi flokkun:

a. Á hverju fimm ára aldursbili frá 18 ára aldri.

b. Vegna náms skv. a-lið 10. gr. laganna.

c. Skv. a-, b- og c-lið 11. gr. laganna.

Eftirfarandi svör ná til allra heimila sem fengu húsnæðisbætur árið 2023.

a. Í töflu 1 má sjá heildarfjárhæðir greiddra húsnæðisbóta eftir aldursbili árið 2023 í milljónum króna samkvæmt upplýsingum frá HMS.

**Tafla 1. Heildarfjárhæðir húsnæðisbóta  
eftir aldursbili árið 2023 (millj. kr.).**

Aldursbil	Fjöldi kennitalna	Heildarfjárhæð
18–22	2.180	567
23–27	3.218	1.036
28–32	3.177	1.223
33–37	2.697	1.164
38–42	2.301	1.054
43–47	1.810	824
48–52	1.411	597
53–57	1.037	417
58–62	1.093	438
63–67	923	359
68–72	712	273
73–77	522	202
78–82	381	144
83–87	228	86
88–92	150	57
93–97	49	17
98–	0	0

b. Upplýsingar liggja ekki fyrir um þennan lið því HMS safnar ekki gögnum þar sem námsmenn eru aðgreindir sérstaklega nema í þeim tilfellum þegar um er að ræða umsóknir sem byggjast á undanþágu skv. c-lið 11. gr. laganna.

c.

**Tafla 2. Undanþágur á grundvelli a-, b- og c-liðar  
11. gr. laganna (millj. kr.).**

	Fjöldi umsókna	Heildargreiðslur
Heimavist eða námsgarður	2.271	942
Áfangaheimili	262	107
Sambýli fatlaðs fólks	140	66

2. *Hvernig hafa grunnfjárhæðir skv. 16. gr. laganna hækkað frá gildistöku þeirra í samanburði við þróun launa, verðlags og efnahagsmála?*

Lög um húsnæðisbætur, nr. 75/2016, tóku gildi 1. janúar 2017. Í töflu 3 má sjá þróunina frá þeim tíma og fram að síðustu breytingu á reglugerð um húsnæðisbætur nr. 1200/2016 sem tók gildi 1. janúar 2024.

**Tafla 3. Breyting á grunnfjárhæðum húsnæðisbóta 2017–2024.**

	Tímabil	Breyting
Grunnfjárhæðir	jan. 2017 til jan. 2024	31,10%
Vísitala neysluverðs	jan. 2017 til jan. 2024	39,10%
Landsframleiðsla á mann	jan. 2017 til júlí 2023	39,90%
Launavísitala	jan. 2017 til des. 2023	63,10%

3. *Hvernig skiptist breyting grunnfjárhæða í lið 2 milli launavísitölu, vísitölu neysluverðs og þróunar efnahagsmála? Hvert er vægi hvernar breytu í útreikningunum, hefur vægi hennar alltaf verið það sama og hvað ræður mismun á vægi launavísitölu, vísitölu neysluverðs og efnahagsþróunar í uppfærslu grunnfjárhæða? Hvernig hafa undirvísitölur húsnæðismála þróast á sama tíma?*

Í 5. mgr. 16. gr. laga um húsnæðisbætur segir að grunnfjárhæðir húsnæðisbóta skuli koma til endurskoðunar við afgreiðslu fjárlaga ár hvert með tilliti til þróunar launa, verðlags og efnahagsmála. Samkvæmt því er það metið við gerð fjárlaga ár hvert hvort framangreindar vísitölur leiði til hækunar grunnfjárhæða en þær hækka einungis ef heimild fæst á fjárlögum ár hvert. Ekki liggja fyrir upplýsingar um vægi einstaka breytna í útreikningi á fjárheimildum hvers árs. Í töflu 4 sést þróun grunnfjárhæða í samanburði við undirvísitölu greiddrar húsaleigu í vísitölu neysluverðs frá janúar 2017 til janúar 2024.

**Tafla 4. Grunnfjárhæðir í samanburði við undirvísitölu greiddrar húsaleigu.**

	Tímabil	Breyting
Grunnfjárhæðir	jan. 2017 til jan. 2024	31,10%
Undirvísitala greiddrar húsaleigu	jan. 2017 til jan. 2024	41,90%

4. *Hvernig hafa frítekjumörk skv. 17. gr. laganna hækkað frá gildistöku laganna í samanburði við þróun launa, verðlags og efnahagsmála?*

**Tafla 5. Frítekjumörk í samanburði við þróun vísitalna.**

	Tímabil	Breyting
Frítekjumörk	jan. 2017 til jan. 2024	59,80%
Vísitala neysluverðs	jan. 2017 til jan. 2024	39,10%
Landsframleiðsla á mann	jan. 2017 til júlí 2023	39,90%
Launavísitala	jan. 2017 til des. 2023	63,10%

5. *Hversu margir einstaklingar hafa fengið greiðslu húsnæðisbóta í hverri tekjutiund og hver er heildarfjárhæð þeirra eftir hverri tekjutiund?*

Í eftirfarandi töflu má sjá heildarfjölda einstaklingsheimila, þ.e. heimila sem telja einn heimilismann, sem fengu húsnæðisbætur eftir tekjutiundum á árinu 2023.

**Tafla 6. Heildarfjárhæð húsnæðisbóta á árinu 2023 eftir tekjutiund (millj. kr.).**

<b>Tekjutiund</b>	<b>Fjöldi einstaklinga</b>	<b>Heildarfjárhæð</b>
1	1.265	333
2	1.672	566
3	2.950	1.161
4	2.330	840
5	1.467	514
6	1.158	346
7	933	228
8	741	132
9	361	38
10	10	2

6. *Hvaða ályktanir dregur ráðherra af þróun húsnæðisstuðnings á undanförunum árum miðað við svör við framangreindum spurningum?*

Miðað við framangreint hafa húsnæðisbætur haldið nokkuð vel í við þróun efnahagsmála. Þó má sjá að grunnfjárhæðir hafa hækkað minna en vísitala greiddrar leigu en til stendur að hækka grunnfjárhæðir um 25% hinn 1. júní nk. sem hluta af aðgerðum ríkisstjórnarinnar til þess að styðja við kjarasamninga. Það er aðgerð sem færir tekjulægri heimilum á leigumarkaði níu milljarða kr. á gildistíma kjarasamninga.